



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

4.12. 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, þingmál 350.**

Í frumvarpinu er lagt til að sérstakt umsýslugjald, 0,1% af brunabótamati hverrar húseignar, verði lagt á árin 2007 og 2008 til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna. Gjald þetta hefur verið lagt á síðan árið 2000 og skilað 1,6 milljarði króna. Vegna hækkunar brunabótamats fasteigna hafa tekjur af gjaldinu stórhækkað og nema árlega 325 m.kr. þannig að farið er fram á 650 m.kr. til viðbótar til verkefnisins.

Gríðarlegum fjárhæðum hefur verið varið til þessa verkefnis sem ekki er gerð grein fyrir í frumvarpinu hvernig varið hefur verið. Til samanburðar við þær 325 m.kr. sem þessi skattur á húseigendur á að skila árlega, þá er fjárveiting til Fasteignamats ríkisins 355,3 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2007. Í greinargerð með frumvarpinu eru auk þess viðraðar efasemdir um ávinning þessarar fjárfestingar í ljósi þess að eignarskattur hefur verið aflagður og að skylda til brunatryggingar virðist einsdæmi hér á landi.

Samtök atvinnulífsins undrast að ekki hafi tekist að ljúka þessu verkefni þrátt fyrir þær gífurlegu fjárhæðir sem runnið hafa til þess. Grunsemdir hljóta að vakna um að málið sé komið í eitthvert óefni í ljósi þess dráttar sem orðinn er á því. Í frumvarpinu er ekki að finna nægilegan rökstuðning fyrir því að halda áfram að veita verulegum fjármunum til þessa verkefnis og kalla eftir því að nánari grein verði gerð fyrir því hvernig þessum 1,6 milljarði króna hefur verið varið á undanförunum árum og hvernig fyrirhugað er að verja 650 m.kr. til viðbótar. Þá væri ekki úr vegi að gerð yrði kostnaðar- og ábatagreiningu af þessu starfi við Landskrá fasteigna.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri